

21.10.2020.

Samantekt vegna umfjöllunar um samning Kópavogsbæjar við Leikfélag Kópavogs.

LEIKFÉLAG MOSFELLSBÆJAR

- Samstarfssamningur Leikfélags Mosfellssveitar og Listaskóla Mosfellsbæjar (f.h. fræðslu- og menningarsviðs Mosfellsbæjar) er frá árinu 2006 (sjá viðhengi).
- Samningnum fylgir kr. 1.800.000 árlegur rekstrarstyrkur sem hefur ekki breyst frá undirskrift.
- Leikfélagið hefur uppfyllt allar skuldbindingar samningsins og samstarfið við það er mjög gott.
- Mosfellsbær afhenti Leikfélagi Mosfellssveitar sér húsnæði, Bæjarleikhúsið, til afnota en áður voru þau í Hlégarði.
- Innri leiga Bæjarleikhússins reiknast sem styrkur til LM, sem í ár er kr. 14.000.000 kr.
- Bærinn borgar fasteignagjöld leikfélagsins.
- Leikfélagið borgar daglegan rekstrarkostnað leikhússins.
- Leikfélagið stendur á tímamótum því það stendur til að rífa núverandi húsnæði og rætt er um að þau fari í Hlégarði og verði þar með annarri starfsemi sem þau telja ekki ganga upp.
- LM er með það mikla starfsemi í húsinu að ekki er hægt að leigja það út.
- Lána húsið stundum undir aðra starfsemi í bænum, en hafa ekki innheimt leigu fyrir það undanfarin ár.
- Önnur leiklistarstarfsemi á vegum skóla í Mosó eða annarra skóla fær ekki inni í húsi leikfélagsins vegna þess að það er í notkun nánast alla daga ársins.
- Félagatalið er um eittundrað manns.
- Félagsgjöld eru valkvæð, kr. 1000. Félagsmenn einir hafa atkvæðisrétt.
- Rekstur Leikfélagsins í Keflavík er með svipuðum hætti og í Mosó.

LEIKFÉLAG HAFNARFJARÐAR

- Í viðhengjum eru samstarfssamningur við [Leikfélag Hafnarfjarðar](#) (áhugaleikfélag) og [Gaflaraleikhúsið](#) (atvinnuleikhús).
- Leikfélagið er áhugamannaleikfélag og þar eru fáir félagsmenn og aðallega fullorðnir einstaklingar.
- Leikfélagið var í Bæjarbíói en var látið fara þaðan og er núna í bráðabirgðahúsnæði í Kapellunni í Lífsgæðasetrinu St. Jó.
- Samningur Hafnarfjarðarbæjar við Leikfélagið tók gildi 4. júlí 2020 og gildir í ár.
- Samningurinn er tímabundinn þar eð verið er að endurgera Lífsgæðasetrið í St. Jó og verður Kapellunni fundið annað hlutverk, þar sem önnur menningarstarfsemi getur farið fram.
- Leikhúsið fær endurgjaldlaus afnot af Kapellunni í St. Jó auk eftirgjafar af húsaleigu, rafamagns- og hitunarkostnaðar sem alls er metinn á kr. 4.090.000.

- Kapellan tekur um 50 manns í sæti.
- Hafnarfjarðarbær sér um viðhald innan- og utanhúss og greiðir öll lögboðin gjöld.
- Leikfélagið sér um allan rekstrarkostnað og tækja- og búnaðarkaup.
- Hafnarfjarðarbær getur nýtt Kapelluna endurgjaldslaust í samráði við leikfélagið.
- Óheimilt er fyrir Leikfélagið að lána eða leigja húsið til einkasamkvæma eða lokaðra viðburða.
- Leikfélagið má leigja út fyrir aðra sambærilega starfsemi en hafa ekki gert.
- Leikfélagið sækir um styrki fyrir einstökum verkefnum til menningar- og ferðamálanefndar bæjarins. Eru núna með 5 umsóknir inni en fengu engan styrk á síðasta ári. Eiga eftir að uppfylla framkvæmd vegna einnar umsóknar.
- Leikfélagið þarf að uppfylla skilyrði um vinnuframlag í samningi á sinn kostnað.
- Víkingafélagið Rimmugígur er með sambærilegan styrk og Leikfélag Hafnarfjarðar.
- Gaflaraleikhúsið leigir út húsnæði sitt og og bærinn vill að þau geri það og hafa menntaskólarnir verið að sýna þar.
- Gaflaraleikhúsið er í húsnæði þar sem áður var Hafnarfjarðarleikhúsið. Taka 250 manns í sæti.
- Gaflaleikhúsið fær 20 milljónir á ári þar af fara 12 mj. í húsið, 8 mj. í rekstur og lítið er eftir til framleiðslu.
- Það er vilji bæjaryfirvalda að leikfélögin tvö vinni saman.

Samantektin er byggð á samtölum við verkefnastjóra viðburða hjá Hafnarfjarðarbæ, forstöðumanni bókasafns og menningarmála Mosfellsbæjar og formanni Leikfélags Mosfellssveitar. Auk þess sem gripið er niður í samninga sveitarfélaganna við leikfélögin.

Soffía Karlsdóttir

forstöðumaður menningarmála í Kópavogi